# Fornleifaskráning á Tungubakka 1 og 2 í Bláskógabyggð



Brynja Árnadóttir

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík 2025

FS1082-25451

*Á forsíðumynd eru reiðgötur á sama stað og leið ÁR-691:084 hefur legið. Horft er til suðvesturs. Myndina tók Brynja Árnadóttir.*

Verkefnanúmer MÍ: 3535

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

## Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan deiliskipulagsreits í landi Bergsstaða í Bláskógarbyggð. Svæðið skiptist í tvær lóðir sem eru samanlagt 12,4 ha. Lóðirnar nefnast Tungubakki 1 (L238041) og Tungubakki 2 (L238042). Innan svæðisins er fyrirhugað að byggja íbúðarhús auk þess sem leggja á veg að mannvirkjunum. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda. Við skráninguna var ein fornleif, gömul leið, skráð innan svæðisins og var hún skilgreind í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

*Efnisorð:*
*Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, Tungubakki, Bergsstaðir, Bláskógabyggð.*


## Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey conducted within a 12,4-hectare assessment area. Within the area are two building plots, Tungubakki 1 and 2, that belong to the farm Bergsstaðir in Bláskógabyggð municipality. The survey was carried out by The Institute of Archaeology in Iceland on behalf of landowners as part of the planning process for proposed developments. The 2025 survey recorded one archaeological site, an old route, which is considered at high risk due to the proposed construction activities.

*Keywords:*
*Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), Tungubakki, Bergsstaðir, Bláskógabyggð.*

Efnisyfirlit


1. Inngangur ..... 7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf ..... 9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu ..... 11
4. Fornleifaskrá ..... 14
5. Niðurstöður ..... 16
6. Heimildir ..... 18
Viðauki: Minjakort ..... 20



*Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðis er sýnd á Íslandskorti með rauðum punkti.*
*Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ.*

# 1. Inngangur

Fornleifastofnun Íslands vann í desember 2025 fornleifaskráningu innan 12,4 ha deiliskipulagsreits sem nær yfir lóðirnar Tungubakka 1 og 2. Svæðið var áður hluti af jörðinni Bergsstöðum í Biskupstungum, nú Bláskógabyggð. Skráningin var unnin fyrir hönd landeigenda vegna áætlana um uppbyggingu íbúðarhúsa og lagningar vegar að mannvirkjunum.




*Mynd 2: Deiliskipulagsreiturinn er 12,4 ha og er afmarkaður með appelsínugulri línu á loftmyndinni. Innan hans var skráð ein fornleif. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Skráningarsvæðið er afmarkað af Tungufljóti til norðvesturs og Einholtsvegi til suðausturs. Innan skráningarsvæðisins er þýft og deiglent en suðausturhluti þess er mólendi. Á svæðinu er einnig nokkuð um sjálfssáð tré, bæði barr- og lauftré. Enn er svæðið lítið raskað en skammt suðvestan er bæði efnisnáma og hitaveitulóð. Skráningarsvæðið er um 950 m austan við gamla bæjarstæði á Bergsstöðum og hefur

verið í úthögum þess. Leið hefur áður legið um það og er líklegt að það hafi helst nýst til útbeitar (sjá mynd 2).

Árið 2015 vann Fornleifastofnun Íslands heimildaskráningu fyrir Bláskógarbyggð sem náði til allra jarða í sveitarfélaginu. Aðalskráning var einnig unnin á völdum jörðum en Bergsstaðir voru ekki meðal þeirra jarða sem þá voru heimsóttar.[1] Fornleifaskráningin sem hér lítur dagsins ljós byggir á áðurnefndri heimildaskráningu.

Við skráninguna 2025 var gengið skipulega yfir allan deiliskipulagsreitinn í leit að minjum og var ein fornleif skráð innan marka hans. Skráningin var unnin af Brynju Árnadóttur, fornleifafræðingi og var úrvinnsla og skýrslugerð unnin af henni, í beinu framhaldi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Brynju en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þá fornleif sem skráð var. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með minjakorti sem sýnir staðsetningu fornleifarinnar innan skráningarsvæðis.

[1] Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2015.

# 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,


i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

# 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.




*Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.*

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-351:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingarnúmer aftan við (dæmi: ÁR-351:001_01). Sú fornleif sem skráð var telst til þeirra

minja sem ekki tengjast einstaka bújörð, heldur ná yfir fleiri en eina jörð innan sveitarfélagsins. Slíkar fornleifar fá því ekki númer sem bundið er við ákveðna jörð, heldur almennt númer sem nær til allra fornleifa af þessu tagi í hverju sveitarfélagi. Í þessu tilviki er það ÁR-691 „Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Biskupstungnahreppi“.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Auk langvarandi hættumats skal samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands leggja mat á þá tímabundnu hættur sem minjar innan skipulagssvæðis kunna að vera. Minjar á

eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatið þannig notað til að vekja athygli á minjastöðum innan skipulags. Á síðari stigum er þá gjarnan tekið tillit til minja við útfærslu framkvæmda, eða ef það er ekki unnt, beðið um álit Minjastofnunar Íslands á því hvort og þá með hvaða skilyrðum slíkir minjastaðir mega víkja. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hætta og tímabundin hætta. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

# 4. Fornleifaskrá

## ÁR-351 Bergsstaðir (Belgsstaðir)

**Sögulegar heimildir**
**24.6.1471:** Jón Ólafsson selur Árna Sæmundssyni Belgsstaði í Biskupstungum. DI V, 559.
**22.8.1527/18.1.1528:** Þórarinn Jónsson selur Jóni biskup á Hólum Belgsstaði í Biskupstungum. DI IX, 424-5.
**1529:** Ögmundur biskup greiðir Jóni Egilssyni og konu hans Hallvöru Teitsdóttur jörðina Belgsstaði í Bræðratungukirkjusókn í þjónustulaun. DI IX, 507-8.
**1686 & 1695:** 20 hdr. Skálholtskirkjueign. BL, 111.
**1709:** „Jarðardýrleiki er óviss. Eigandinn er Skálholts dómkirkja." JÁM II, 283.
**18.8.1788:** Biskupsstóllinn selur Bergsstaði. „Hana kaupir ábúandinn Ísólfur Einarsson. Kona hans er Sigríður Eggertsdóttir og búa þau þar þegar manntalið er tekið 1801 og eru þar með þeim 5 börn þeirra. Árið 1816 er þau ekki að finna þar." Þar að auki: „Mat 30 C 40 al. Landskuld 120 al. Söluverð á C 6 rd. Verð alls um 182 rd." Arnór Karlsson, 1990a, bls. 20-21 og 1990b, bls. 19.
**1847:** 30 1/3 hdr. Bændaeign. JJ, 68.
Árið 1896 voru 7 bæjarhús og 17 peningshús á Bergsstöðum. Eftir jarðskjáltana sama ár var 1 bæjarhús mjög skemmt. 1 bæjarhús og 3 peningshús voru lítið skemmd. Þorvaldur Thoroddsson, 175.
**1980:** „Nokkrir hestamenn að sunnan eiga jörðina og hafa þar hrossabeit fyrir hesta sína. Þá hafa jarðareigendur reist þar 5 sumarbústaði og byrjað á skógrækt." SB I, 68.

**Landkostir**
**Túnakort 1920:** Tún 4.9 ha [Framangreind stærð er skráð á túnakorti en samanlögð stærð túna á kortinu er 5,2 ha]. Slétt ca 4/5 hl. Matjurtagarðar 938 m².
**1709:** „Hekla spilti heldur en ekki þessarri jörðu, þá hún gaus síðarst, þó ekki svo mjög sem þeim, er nær lágu norðrinu." JÁM II, 283.
**1980:** „Gamalt býli í stærra meðallagi. Land jarðarinnar liggur þvert yfir Eystri-Tunguna milli Hvítár og Tungufljóts. Mishæðótt nokkuð, skiptast á háir ásar og mýrasund. Allt má landið teljast vel gróið og grasgefið. Engjar voru ekki samfelldar, yfirleitt sæmilega grösugar en þýfðar. Beitiland gott. Ræktunarland er ekki samfellt, en má þó teljast gott. Veiðirétt á jörðin í Hvítá og Tungufljóti. Mótak er gott við Drumboddsstaðagil á mörkum jarðanna. Nú er hætt að nýta það." SB I, 68
„Búið á Bergsstöðum var ekki stórt, kannski 4 kýr og innan við 200 kindur og nokkrir hestar. [...] Þetta var lítil jörð [...]. Það var góð vetrarbeit á Bergsstöðum en oft hart á vorin og þurfti að gefa lengi." Geirþrúður Sighvatsdóttir, 2013.

**ÁR-691 Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Biskupstungnahreppi**

**ÁR-691:084** gata leið A 434652 N 412297
Leið er merkt inn á herforingjaráðskort 47 NA frá 1910. Hún liggur frá Borgarholtskoti ÁR-350:010 til norðvesturs meðfram Tungufljóti. Hún fer áfram yfir Risalæk og endar hjá Valdavaði ÁR-353:021. Þar tekur við önnur leið ÁR-353:055 að Einholti ÁR-353. Við skráningu í desember 2025 var leiðin tekin út á stuttum kafla í landi Bergsstaða ÁR-351, um 1 km vestan gamla bæjarstæðisins og um 60 m austan efnisnámu.
Leiðin lá í mólendi fast vestan Einholtsvegar þar sem einnig er nokkuð um sjálfssáð tré.
Á þeim stað eru nú reiðgötur. Þær eru greinanlegar á loftmyndum allt frá 1975 en mögulegt er að þær séu eldri. Reiðgöturnar eru vel troðnar, um 1,5 m á breidd og um 0,1 m á dýpt. Þær liggja í norðaustur-suðvestur samsíða Einholtsvegi og sjást þær áfram bæði norðan og sunnan skráningarsvæðisins. Svæðið rétt vestar reiðgatnanna er mun deiglendara og þar með erfiðara yfirferðar. Því má telja líklegt út frá staðsetningu reiðgatnanna að þær séu yngri útgáfa gömlu leiðarinnar.
**Langvarandi hættumat:** engin hætta.
**Tímabundið hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda.
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 NA.

# 5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar niðurstöður fornleifaskráningar innan 12,4 ha skráningarsvæðis sem nær yfir lóðirnar Tungubakka 1 (L238041) og Tungubakka 2 (L238042). Svæðið tilheyrði áður jörðinni Bergsstöðum í Biskupstungum, nú Bláskógarbyggð. Deiliskipulagið er unnið vegna áætlana um uppbyggingu íbúðarhúsa og lagningu vegar að mannvirkjunum. Innan marka svæðisins var skráð ein fornleif sem telst til samgönguminja, leið ÁR-691:084.

Skráningarsvæðið er um 950 m vestan við gamla bæjarstæðið á Bergsstöðum og telst því til úthaga jarðarinnar. Það er deiglent og þýft auk þess sem mólendi er suðaustast á því, næst Einholtsvegi. Lítið er vitað um landnýtingu á fyrri öldum en svæðið hefur líklega verið nýtt til útbeitar í gegnum aldirnar auk þess sem leið lá áður í gegnum það. Leiðin ÁR-691:084 er merkt á herforingjaráðskorti frá 1910 og má ætla að reiðgötur, sem sjást á loftmyndum frá 1975, séu yngri útgáfa hennar. Reiðgöturnar eru enn greinilegar á yfirborði, þær eru vel troðnar og liggja í norðaustur-suðvestur innan skráningarsvæðisins samsíða Einholtsvegi. Dreifing minja er yfirleitt þéttust í og við heimatún en minjar eru færri í úthögum enda umsvifin þar önnur og minni. Því kemur ekki á óvart að aðeins ein fornleif hafi fundist innan skráningarsvæðisins.

Tímabundið hættumat var gert vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna minjastöðum og teljast því minjar innan deiliskipulagsmarka sjálfkrafa í mikilli hættu. Almennt var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfirstíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastað. Aðeins sjást yngri reiðgötur þar sem gamla leiðin lá svo líklegast má telja að Minjastofnun Íslands muni ekki krefjast frekari mótvægisaðgerða vegna hennar.

Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kafli 4). Ef það reynist óhjákvæmilegt að raska minjum vegna framkvæmda er það Minjastofnunar að ákveða hvort og með hvaða skilyrðum fornleifarnar mega víkja.

# 6. Heimildir


Arnór Karlsson. 1990a. „Sala stólsjarðanna“. *Litli Bergþór, 11(2)*, 19-25. https://timarit.is/page/5626318

Arnór Karlsson. 1990b. „Sala stólsjarðanna – Leiðréttingar og viðbætur“. *Litli Bergþór, 11(3)*, 19. https://timarit.is/page/5626344

**BL:** Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* 1857-1950. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Geirþrúður Sighvatsdóttir. 2013. „Kristrún í Efstadal“. *Litli Bergþór, 34(2),* 14-17. https://timarit.is/page/7054504

**JÁM II:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1921. II. bindi. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafjelag.

**JJ:** Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Kristjana Vilhjálmsdóttir. 2015. Menningarminjar í Bláskógabyggð. Svæðisskráning fornleifa. FS584-15221. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

*Lög um menningarminjar 80/12. 2021.* Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html

**SB I:** *Sunnlenskar byggðir.* 1980. I. bindi. Tungur, Hreppar og Skeið. Reykjavík: Búnaðarsamband Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.


Óprentaðar heimildir:


Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1919). Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Sótt af: http://islandskort.is


*Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands*. 2025.

**Túnakort 1920:** Túnakort Bergsstaða. 1920. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

**Ö-Bergsstaðir:** Örnefnaskrá Bergsstaða. 1976. Haraldur Borgar Finnsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

# Viðauki: Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og sýnir áætlaða legu leiðar ÁR-691:084 í gegnum skráningarsvæðið. Leiðin er merkt sem rauð brotalína og er lega hennar einkum byggð á merkingu á herforingjaráðskorti frá upphafi 20. aldar en einnig á staðsetningu yngri reiðgatna.


ÁR-691:084
0
75
150
225
300 m